


# Hallgrímskirkja

## Guðspjónusta á jólanótt 2021

Sr. Eiríkur Jóhannsson prédikar og þjónar fyrir altari.  
Kór menntaskólans við Hamrahlíð og Kammerkórinn Huldur syngja.  
Stjórnandi er Hreiðar Ingi Þorsteinsson. Forsöngvari Benedikt Gylfason.  
Flautuleikari: Eyrún Úa Þorbjörnsdóttir. Organisti er Björn Steinar Sólbergsson sem einnig leikur jólatónlist á undan athöfn.



### Gleðileg jól

### Takið virkan þátt í sálmasöng

#### Innganga

Barn er oss fætt *SálmtonVII/Graduale 1594/Róbert A.Ottóson staðfærði/Jes.9.6 Sálm.98.1*

#### Ávarp

#### Sálmur

Sjá, himins opnast hlið,  
heilagt englalið,  
fylking sú hin fríða  
úr fagnaðarins sal,  
fer með boðun blíða  
og blessun lýsa skal  
yfir eymdadal.

Já, þakka, sál mín, þú,  
þakka' og lofsyng nú  
fæddum friðargjafa,  
því frelsari' er hann þinn,  
seg þú: „Hann skal hafa  
æ hjá mér bústað sinn,  
vinur velkominn.“

Í heimi' er dimmt og hljótt,  
hjarðmenn sjá um nótt  
ljós í lofti glæðast,  
það ljós Guðs dýrðar er,  
hjörtu þeirra hræðast,  
en Herrans engill tér:  
„Óttist ekki þér.

Ó, Guðs hinn sanni son,  
sigur, líf og von  
rís með þér og rætist,  
þú réttlætisins sól,  
allt mitt angur bætist,  
þú ert mitt ljós og skjól.  
Ég held glaður jól.

Með fegins fregn ég kem:  
Fæðst í Betlehem  
blessað barn það hefur,  
er birtir Guð á jörð,  
frið og frelsi gefur  
og fallna reisir hjörð.  
Þökk sé Guði gjörð.“

Á hæstri hátíð nú  
hjartafólgin trú  
honum fagni' og hneiði,  
af himni' er kominn er,  
sál og tunga segi  
með sælum englaher:  
„Dýrð sé, Drottinn, þér“.

*Björn Halldórsson.*

#### Miskunnarbæn

Kyrie eleison *Missa de Angelis*

#### Dýrðarsöngur

Prestur: Dýrð sé Guði í upphæðum  
Allir: Og friður á jörðu og velþóknun yfir mönnum.  
Þig lofar, faðir, líf og önd, þín líkn oss alla styður.  
Þú réttir þína helgu hönd af himni til vor niður.  
Og föðurelska, þóknun þín, í þínum syni til vor skín,  
þitt frelsi, náð og friður.

*Söfnuður rís úr sætum*

#### Kollekta

*Söfnuður sest*

Prestur: Drottinn sé með yður.  
Prestur: Biðjum ... um aldir alda.

Söfnuður: Og með þínum anda.  
Söfnuður: Amen.

### **Ritningarlestur** *Jesaja 9.1 5-6*

*Lesturinn endar á orðunum: Þannig hljóðar hið heilaga orð.*  
Söfnuður: Guði sé þakkargjörð.

### **Kórsöngur**

Vígð náttin *Íslenskt þjóðlag í úts. Huga Guðmundssonar / Hymnodia sacra*

### **Síðari ritningalestur** *Títusarbréfið 2.11-14*

*Lesturinn endar á orðunum: Þannig hljóðar hið heilaga orð.*  
Söfnuður: Dýrð sé þér, Drottinn.

### **Sálmur** *kórinn syngur fyrstu tvö versin*

*Nóttin var sú ágæt ein,  
í allri veröld ljósið skein,  
það er nú heimsins þrautarmein  
að þekkja' hann ei sem bæri.  
Með vísnaðsöng ég vögguna þína hræri.*

Fjármenn hrepptu fögnuð þann,  
þeir fundu bæði Guð og mann,  
í lágan stall var lagður hann,  
þó lausnarinn heimsins væri.  
Með vísnaðsöng ég vögguna þína hræri.

*Í Betlehem var það barnið fætt,  
sem best hefur andar sárin grætt,  
svo hafa englar um það rætt  
sem endurlausnarinn væri.  
Með vísnaðsöng ég vögguna þína hræri.*

Lofið og dýrð á himnum hátt  
honum með englum syngjum þrátt,  
friður á jörðu og fengin sátt,  
fagni því menn sem bæri.  
Með vísnaðsöng ég vögguna þína hræri.

*Einar Sigurðsson.*

*Söfnuður rís úr sætum*

### **Guðspjall**

Prestur: Guðspjallið skrifar guðspjallamaðurinn Lúkas. 2.1-14  
Söfnuður: Guði sé lof og dýrð fyrir sinn gleðilegan boðskap.  
*Lesturinn endar á orðunum: Þannig hljómar hið heilaga guðspjall.*  
Söfnuður: Lof sé þér, Kristur

### **Trúarjátning**

Ég trúi á Guð, föður almáttugan, skapara himins og jarðar.  
Ég trúi á Jesú Krist, hans einkason, Drottin vorn, sem getinn er af heilögum anda,  
fæddur af Maríu mey, þíndur á dögum Pontíusar Pílatusar, krossfestur, dáinn og grafinn,  
steig niður til heljar, reis á þriðja degi aftur upp frá dauðum, steig upp til himna, situr við hægri  
hönd Guðs föður almáttugs og mun þaðan koma að dæma lifendur og dauða. Ég trúi á heilagan  
anda, heilaga almenna kirkju, samfélag heilagra, fyrirgefningu syndanna, upprisnu mannsins og  
eilíft líf.  
Amen.

*Söfnuður sest að lokinni trúarjátningu*

### **Sálmur** *kórinn syngur fyrsta versió*

*Á dimmri nóttu bárust boð  
um bjartan nýjan dag.  
Guð sendi engla sína til  
að syngja dýrðar lag.*

Að heyra boðin himni frá  
fær heimi þínum breytt.  
Þau boð að heilög himins dýrð  
sé hjarta þínu veitt.

*Hann framtíð jarðar börnum býr  
og boðar fögnuð þeim,  
því kærleikur sem kuldinn flýr  
nú kom í þennan heim.*

Guð lætur ekkert aftra sér  
og auðgar barnið sitt.  
Hann gefur jólagleði þér  
og guðsríkið er þitt.

Guðs engill flytur ennþá boð  
Með undurskærri raust  
um sálarfrið, um frelsi til  
að fagna óttalaust.  
Á jólahátíð heilög kyrrð  
fær hugann leyst úr þröng,  
því heimurinn á hljóða stund  
og heyrir englasöng.

*Hjálmar Jónsson.*

## **Prédikun**

### **Tónlist eftir prédikun**

Jól *Jórunn Viðar / Stefán frá Hvítadal*

### **Bæn og Faðir vor**

#### **Blessun**

*Söfnuður rís úr sætum*

Prestur: Þökkum Drottni og vegsömum hann.  
Söfnuður: Drottni sé vegsemd og þakkargjörð.  
Prestur: Drottinn blessi þig ... og gefi þér frið.  
Söfnuður: Amen, amen, amen.

#### **Sálmur**

Heims um ból helg eru jól,  
signuð mær son Guðs ól,  
frelsun mannanna, frelsisins lind,  
frumglæði ljóssins, en gjörvöll mannkind  
meinvill í myrkrunum lá.

Heimi í hátíð er ný,  
himneskt ljós lýsir ský,  
liggur í jötunni lávarður heims,  
lifandi brunnur hins andlega seims,  
konungur lífs vors og ljóss.

Heyra má himnum í frá  
englasöng: „Allelújá“.  
Friður á jörðu, því faðirinn er  
fús þeim að líkna, sem tilreiðir sér  
samastað syninum hjá.

*Sveinbjörn Egilsson.*

### **Eftirspil** Pastorale *Johann Sebastian Bach*

### **Í Hallgrímskirkju um jól og nýár**

Jóladagur 25. desember kl. 14:00. Hátíðarguðsþjónusta. COVID - hraðpróf

Jóladagur 25. desember kl. 16:00. Guðsþjónusta á ensku

Annar í jólum 26. desember kl. 14:00. Fjölskylduguðsþjónusta

Annar í jólum 26. desember kl. 17:00. Orgeltónleikar. Miðar seldir í kirkju og á [www.tix.is](http://www.tix.is)

Miðvikudagur 29. desember kl. 10:30. Guðsþjónusta

Gamlársdagur 31. desember kl. 16:00. Hátíðarhljómar við áramót. COVID - hraðpróf

Gamlársdagur 31. desember kl. 18:00. Aftansöngur

Nýársdagur 1. janúar 2022 kl. 14:00. Hátíðarguðsþjónusta

Vinsamlegast athugið að á viðburðum þar sem ekki er krafist neikvæðs hraðprófs er takmarkaður fjöldi gesta leyfður.

Nánari upplýsingar um viðburði: Sjá [www.hallgrimskirkja.is](http://www.hallgrimskirkja.is)